

Mættir: SBB, FH, IGG, KKG, SLS, VLF

Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur Mvst sat fundinn undir lið 3.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Hlynur Þráinn Sigurjónsson sjúkraflutnigamaður, sp.

3. Drög að nýrri Reglugerð um starfssemi slökkviliða. Kynning

Lögfræðingur Mvst IH mætir á fundinn og kynnir fyrir stjórn drög að nýrri reglugerð um “starfssemi slökkviliða (drög júní 2014)“.

Umræður og skoðanaskipti um drögin og öryggi slökkviliðsmanna og borgaranna. LSS er jakvætt fyrir drögunum. Fagdeild slökkvilismanna og stjórn mun skili inn umsögn fyrir 24. Sept.

4. Heimild til handa LSS að framlengja yfirdrátt í Íslandsbanka

Ákveðið að framlengja 500.000kr yfirdrætti á ávísanareikningi 44164. Stjórnin undirritar umsóknargögn.

5. „Verkefni stjórnar“ Vinnufundur í Munaðarnesi

13. og 14. október. Lagt af stað kl. 09:00 frá skrifstofunni. Boða stjórn og varamenn stjórnar (Borgar og Gauti). Fá 1. fulltrúa deilda til að halda deildarfundir í september og skila inn ábendingum um verkefni fyrir stjórn sem verða tekin fyrir á vinnufundinum. Fá líka ábendingar frá Fagdeildum. Finna leiðbeinanda til að ræða um t.d. fundarstjórn og fundarhald. Taka frá bústaði til gistingar.

6. Orlofsnefnd LSS

Stjórn skipar nefndina á tveggja ára fresti í kjölfar ársþings. Ákveðið að skipa þá:

Jörgen Valdimarsson

Stefán Geir Andrésson

Jón Jóhann

Nauðsynlegt er að mála efri hæðina á Akureyri og laga rör bak við fataskáp.

7. Samningar SNS, LSS

Farið yfir stöðu mála. Staðan á Stafsmatinu. SNS viðrar þá hugmynd að slökkviliðsstjórar og vara-slökkviliðsstjórar séu teknir út úr Stafsmatinu og semji sér við sitt sveitarfélag. LSS gerði könnun á meðal félagsmanna. Þeir höfnuðu þessari hugmynd. Spurning að taka þá út úr stafsmatinu og LSS og SNS semji sérstaklega fyrir þá. Umræður um nauðsyn þess að klára leiðréttingar fyrir þá sem voru rangt metnir.

2% persónuálags ákvæði sem átti að vera í lok samningstímans, hefði átt að færast fram um tvo mánuði samkvæmt samkomulagi BSRB vegna forsendubrests. SNS er ósammála því og telur að þetta sé tengt dagsetningunni 30. sept, og færast því ekki fram. Málið hjá BSRB.

Næsti samningafundur er boðaður 8. september.

Stjórn veitir heimild til að vísa samningaviðræðunum til Ríkissáttasemjara ef lítið gerist á næsta fundi.

8. Sjúkraflutningar

Umræður um bréf frá Njáli formanni fagdeildar LSS og fundi sem haldinn var 10. september á Reykjanesi. Umræður um nýja sjúkrabíla. Mjög víða er mikil óánægja með þá og virðist sem Rauði krossinn hafi ekki farið eftir útboðsgögnum.

9. Slökkviliðs

Umræður um að efla tengslanet milli slökkviliða.

10. Samskiptasíður

Umræður um að nýta samskiptasíður (Facebook) til að koma upplýsingum milli LSS og félagsmanna. Nýta Dropbox meira. Taka upp nýja heimasíðu. næsta blað. Þetta ásamt næsta blaði verður rætt betur á vinnufundinum í Munaðarnesi.

11. Ráðstefna um krabbamein í Bergen.

Starfsmenntunarsjóður styrkti LSS til að senda fjóra á ráðstefnu um krabbamein í Bergen. Þeir munu skirfa greinar í næsta blað. Leita leiða til að finna upplýsingar um hvaða ráðstefnur eru í boði fyrir félagsmenn og setja á heimasíðuna.

12. Önnur mál:

- a) Íþróttamál, íþróttanefnd fundi í haust og skili inn fundargerð með næstu mótum til stjórnar. Skipuleggja mótin, staðsetningar, mótshaldarar. Gera 3 ára áætlun.
- b) Eldvarnaáttak: Verður 20. – 28. nóv. með svipuðu sniði og síðustu ár.
- c) Isavia. Umræður um að virkja samstarfsnefndina.
- d) Næsti stjórnarfundur verður 29. okt kl. 14:00. Boða stjórn og varastjórn.

Fundi slitið 13:05

13. Mál til kynninga

- a) Fundargerðir framkvæmdanefnda BSRB nr.48-52.
- b) Bréf frá formanni samninganefnda SNS um aðferðarfræði d.s. 23. apríl 2014
- c) Samkomulag BSRB og SNS frá 2. júlí 2014
- d) Bréf frá kynningafulltrúa BSRB um fund Mennta og fræðslunefndar BSRB
- e) Fundargerð stjórnar BSRB maí.